

Skipulags- og byggingafulltrúi
Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur



Reykjavík 7. mars 2016
UST201602-146/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi að Laugum í Sælingsdal

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Dalabyggðar er barst 12. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Laugar í Sælingsdal.

Í lýsingu kemur fram að helstu markmið með væntanlegt deiliskipulag eru þau að efla svæðið sem almennan ferðamannastað með góðri aðstöðu fyrir útivist og náttúruskoðun. Einnig er áætlað að skapa möguleika á frístundabyggð er fellur vel að umhverfinu.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að Laugar eru alls 50 ha. Í væntanlegu deiliskipulagi er áætlað að skilgreina frístundalóðir og lóðir fyrir núverandi starfsemi. Einnig kemur fram að áfram er gert ráð fyrir tjaldsvæði.


Náttúrufar


Mikilvægt er að fjallað verði um náttúrufar svæðisins í væntanlegri deiliskipulagstillögu.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um lausnir fráveitu í væntanlegu deiliskipulagi.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur